



# RAFRÆNN AÐALFUNDUR ORIGO HF.

Verður haldinn fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 14

## DAGSKRÁ FUNDARINS

- 1 Skýrsla stjórnar um starfsemi þess síðastliðð starfsár
- 2 Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu
- 3 Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og fyrir setu í undirnefndum
- 4 Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
- 5 Kosning stjórnar
- 6 Kosning endurskoðanda
- 7 Tillaga stjórnar um staðfestingu á skipan tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
- 8 Tillögur frá hluthöfum
- 9 Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga
- 10 Önnur mál

Skráning hluthafa á fundinn fer fram á heimasíðu félagsins <https://www.origo.is/um-origo/adalfundur>. Fundurinn fer fram í gegnum tæknibúnaðinn Lumiglobal þar sem hluthafar geta fylgst með aðalfundarstörfum og tekið þátt í atkvæðagreiðslum. Nánari leiðbeiningar og upplýsingar um rafræna þátttöku, aðgangsorð og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasíðu félagsins. Sérstök athygli er vakin á því að u.þ.b. fimm virka daga getur tekið að fá sent aðgangsorð og hluthöfum því bent á að sækja um aðgangsorð tímanlega.

## RÉTTUR HLUTHAFA TIL AÐ FÁ MÁL SETT Á DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDAR OG KOSNING

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 14.00 mánudaginn 22. febrúar 2021. Tillögur skulu berast á netfangið [stjorn@origo.is](mailto:stjorn@origo.is).

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli berast á. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

## AÐRAR UPPLÝSINGAR

Endanleg dagskrá og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins frá og með 18. febrúar 2021 í samræmi við samþykktir félagsins. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynningar um framboð skulu berast á [stjorn@origo.is](mailto:stjorn@origo.is). Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Tillaga tilnefningarnefndar félagsins um samsetningu stjórnar munu vera aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Tillaga stjórnar um staðfestingu á skipan tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Reykjavík, 11. febrúar 2021,  
stjórn Origo hf.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á heimasíðu félagsins,  
[www.origo.is/um-origo/adalfundur](https://www.origo.is/um-origo/adalfundur)

**origo.**